

270. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs á skrifstofu byggðasamlagsins, mánudaginn 1.mars 2010
kl. 07:30

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Guðfinna Guðmundsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Ómar Stefánsson, Guðmundur G. Gunnarsson, Páll Hilmarsson, Björn H.Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni G.P. Hjarðar yfirverkfræðingur, Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur fyrir árið 2010

Framkvæmdastjóri kynnir og skýrir framlagðan ársreikning ársins 2009
Reikningurinn ræddur
Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og undirritar.

2. Erindi Lánasjóðs sveitarfélaga

Lagt fram bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga dagsett 24.janúar 2010
varðandi: Beiðni um heimild til birtingar upplýsinga um stöðu lána.
Stjórn samþykkir erindið samhljóða.

3. Markaðsrannsókn SORPU bs.

Ragna I. Halldórsdóttir deildarstjóri markaðs og fræðsluviðs kynnir
niðurstöðu könnunar sem H:N markaðssamskipti vann upp úr neyslu
könnun Capacent Gallup með einkaspurningum fyrir SORPU bs.

4. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir samanburð rekstrar og áætlunar fyrir 2009. Auk samanburðar við magntölur 2007 og 2008.
- Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað dagsett 3.2.2010 varðandi breytingar á gjaldskrá endurvinnsluflokka sem tóku gildi 15.febrúar 2010

Nr.	Flokkur	Nýtt verð		Var kr/kg með vsk
		kr/kg án vsk	kr/kg með vsk	
312	Dagblöð/tímarit	3,35	4,20	3,10
334	Sléttur pappi	3,31	4,16	3,73
335	Bylgjupappi – Afskurður frá prentsmiðjum	4,65	5,83	6,41
Úrgangur sem ber úrvinnslugjald				
341	Umbúðir úr sléttum pappa	0 – 1.000 kg á mánuði	0	0
		1.001 kg og meira á mánuði	-14,34	-18,00
391	Plastumbúðir tunnur – fötur – brúsar Loklaust, tómt og án aðskotaefna/hluta.	5,62	7,05	6,05

398	Umbúðir úr bylgjupappa án aðskotahluta	0 – 250 kg á mánuði	0	0	0
		251 – 500 kg á mánuði	-2,29	-2,87	-2,87
		501 – 1.000 kg á mánuði	-3,29	-4,13	-4,13
		1001 kg og yfir á mánuði	-5,29	-6,64	-6,64
		Baggaður bylgjupappi > 500 kg/bagga í 40 feta skipagámi á höfuðborgarsvæðinu eða	-10,59	-13,29	-12,29
		FOB útflutningshöfn samkvæmt sérstöku samkomulagi			

- c) Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir andsvar SORPU bs. dagsett 24.febrúar 2010 til Samkeppniseftirlits vegna kvörtunar Gámaþjónustunnar hf. dagsett 10.desember 2009 þar sem kvartað er undan afsláttarfyrirkomulagi SORPU bs. Andsvarið er unnið af Ásgeiri Thoroddsen hrl. í samráði við embætti borgarlögmans.
- d) Ómar Stefánsson spyrst fyrir um hversu langt er komið að framkvæmdastjóri og formaður stjórnar kynni framtíðarsýn SORPU bs. í flokkunarmálum heimila hjá aðildar sveitarfélögum. Búið er að heimsækja umhverfisnefnd og samgöngunefnd Reykjavíkur og bæjarstjórnir og umhverfisnefndir Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.
- e) Framkvæmdastjóri kynnir viðskiptastöðu Álftaness hjá SORPU bs. Málið rætt.
- f) Rædd gjaldtakan á garðaúrgangi.

Næsti fundur mánudaginn 29.mars 2010 kl. 7:30

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið

Fundarritari Sigríður B.Einarsdóttir

Herdís Sigurjónsdóttir

Páll Hilmarsson

Þór Sigurgeirsson

Guðmundur G. Gunnarsson

Bjarni Hjarðar

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Ómar Stefánsson

Guðfinna Guðmundsdóttir

Björn H.Halldórsson